

## Ræða Vilmundar Jósefssonar formanns SI á Iðnþingi 16. mars 2001

### Heimur örra breytinga



Það er ekki ofsagt að við lifum í heimi örra breytinga og gildir þá einu hvert litið er. Alþjóðleg samkeppni er orðin að íslenskum veruleika. Þar skiptir mestu aðild okkar að EES-samningnum, sem jafna má til aukaaðildar að Evrópusambandinu, en líka fjölmargir fríverslunarsamningar og aðild okkar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni - WTO. Samkeppnin hefur aukist, frelsi í viðskiptum og alþjóðlegar leikreglur hafa tekið við af okkar heimatilbúnu reglum og pólitísku afskiptum.

Það er ekki lengur iðnaðurinn einn sem á í óheftri samkeppni við framleiðendur í öðrum löndum. Hið sama gildir um fjármálastarfsemi og hvers konar þjónustuviðskipti á borð við váttryggingar, flutningastarfsemi, fjarskipti hvers konar, orkusölu og dreifingu og þannig mætti áfram telja. Öll eru þessi viðskipti ýmist komin eða á leiðinni út á hinn harða völl samkeppninnar. Það er býsna merkilegt að þessar breytingar hafa ekki orðið að okkar eigin frumkvæði. Ekki svo að skilja að allt í einu hafi runnið upp ljós fyrir stjórnáráðgjöf okkar, þannig að þeir hafi séð að okkur hentar að búa við sömu starfsskilyrði og keppinautarnir, heldur hefur þessi samkeppnisvæðing komið beint og óbeint með þeim alþjóðlegu samningum sem við höfum gerst aðilar að.

Það er reyndar ekki samið um breytingar á skattkerfi okkar eða menntakerfi á þessum vettvangi en þegar þjóðfélagið allt er komið í samkeppni við aðrar þjóðir um framleiðslu, fjármagn og vinnuafli þá getum við ekki til lengdar sætt okkur við lakara menntakerfi eða skattkerfi en þjóðirnar í kringum okkur sem við ætlum að versla við, keppa við og bera okkur saman við.

Þessi öra samkeppnis- og alþjóðavæðing gerist ekki áreynslulaust. Fyrirtækin þurfa að hagræða og stækka. Þau þurfa að leita nýrra markaða og nýrrar tækni. Þó að aðgangur að lánsfé og áhættufé hafi aukist koma á móti stórauknar kröfur um arðsemi, bættu stjórnun og öguð vinnubrögð, nokkuð sem aldrei hefur verið okkar sterka hlið. Þessar hröðu breytingar kalla líka á skjót viðbrögð og nákvæma vöktun hvað varðar efnahagsstjórnina og við lagasetningu hvers konar.

### Eitt í dag, annað á morgun

Þetta er sagt hér í ljósi þess að stundum er haft á orði að iðnrekendur viti ekki alltaf hvað þeir vilja. Þeir biðji um eitt í dag og annað á morgun. Þetta á við nokkur rök að styðjast en skýringin er ekki sú að við séum orðnir reikulli í ráðinu en áður, heldur sú að við lifum í heimi örra breytinga. Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár, eða allt frá árinu 1998, varað við þenslu og hvatt til aðhaldsaðgerða af hálfu opinberra aðila. Nú óska Samtökin eftir því að slakað verði á klónni með vaxta- og skattalækkun gagnvart fyrirtækjunum. Þetta kemur á óvart og menn spyrja hvort við vitum ekki hvað við viljum.

Eftirspurn á vinnumarkaði hér á landi hefur verið mikil og launahækkunarverulegar, mestar þó undanfarin þrjú ár eða rúm 9% á ári að meðaltali sem er langt umfram verðlagsþróun. Eftirspurn hefur vaxið mun hraðar en hagvöxturinn og þessi umframeyðsla hefur verið fjármögnuð með erlendum lánnum. Þrátt fyrir töluvert aðhald í rekstri hins opinbera og hávaxtastefnu Seðlabankans bar efnahagsstarfsemin þanþol hagkerfisins ofurliði árið 1999. Verðbólgan fór af stað en eins og við vitum af langri reynslu er vænlegra og auðveldara að sporna við henni en hemja hana eftir að hún er komin á skrið.

Allt frá upphafi þessa hagvaxtarskeiðs 1994 - '95 hafa vextir hérlendis verið mun hærrí en í nágrennalöndum okkar en nú keyrði gersamlega um þverbak. Hver vaxtahækkunin rak aðra og langt umfram verðbólguna. Þessar vaxtahækkunarir voru skiljanlegar og jafnvel ásættanlegar sem skammtíma aðgerð til að keyra niður eftirspurn og hægja á verðbólgu. Raunar er vandséð að íslenska eyðsluklóin hafi á nokkurn hátt kippt sér upp við þessar vaxtahækkunarir. Stóru fyrirtækin hafa á hinn bóginn leitað út fyrir landsteinana í trausti heitstrenginga Seðlabankans um að verja gengi krónunnar hvað sem á dynur. Mín niðurstaða er því sú að þessar sjö vaxtahækkunarir hafi mest bitnað á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem hafa sótt fjármagn til fjárfestinga og rekstur á innlendan markað.

## Hætta á harðri lendingu

Nú hefur dregið úr verðbólgu, en kannanir okkar, þótt óformlegar séu, sýna að velta í almennum iðnaði jókst lítið eða ekkert á síðasta ári. Hagnaður stærri fyrirtækja fyrir fjármagnsliði skánaði milli ára, á sama tíma og tekjur jukust aðeins meira en gjöld. Fyrirtækin kvarta undan hækkandi launakostnaði og mörg þeirra hafa lagt í kostnaðarsamar skipulagsbreytingar og sameiningar á liðnu ári. Áberandi er hvað fjármagnsliðir draga niður arðsemi stærri fyrirtækja. Gengistap á árinu varð til þess að hagnaður eftir fjármagnsliði minnkaði sem hlutfall af veltu hjá þeim.

Smærri fyrirtækin áttu enn erfiðara ár þar sem tekjur og gjöld drógust saman og arðsemi sem hlutfall af veltu féll. Með gengistapi á árinu, var versnandi afkoma þeirra hvað mest áberandi. Aðspurðir segja forsvarsmenn margra þeirra að afkomuskilyrðin séu afleit. Niðurstaða okkar er sú að afkoma í iðnaði í heild hefur versnað til muna.

Hátt raungengi, há laun og háir vextir vega að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Markaðshlutdeild fyrirtækjanna erlendis minnkar og halli á viðskiptum við útlönd eykst. Um leið hægir merkjanlega á efnahagslífinu eins og veltutölur fyrirtækja sýna. Spáð er samdrætti í fjárfestingum sem hafa verið miklar undanfarin ár og má í því sambandi vísa til könnunar á vegum Samtaka atvinnulífsins. Við þessar aðstæður leggjum við hiklaust til að slakað verði á klónni líkt og verið er að gera í Bandaríkjunum þar sem hagsveiflan er á sama róli og hér. Þar, rétt eins og hér, dregur snögglega úr hagvexti eftir langt og kröftugt hagvaxtarskeið og viðbrögðin eru vaxtalækkun og loforð um skattalækkunarir á fyrirtæki. Forsætisráðherra hefur boðað að vænta megi vaxta- og skattalækkana en þær hafa ekki verið tímasettar. Hættan er sú að beðið verði of lengi. Harðar aðhaldsaðgerðir á sama tíma og afkoma fyrirtækjanna og

hlutabréfaverð hríðfellur geta leitt til skyndilegs samdráttar í fjárfestingum og þar með hættu á harðri lendingu efnahagslífsins.

Við í iðnaðinum höfum fulla ástæðu til að óttast harða lendingu. Eftir síðustu brotlendingu í íslenskum efnahagsmálum fækkaði ársverkum í íslenskum iðnaði um 4.600 á árunum 1987 til 1993. Hvergi voru þessi áföll meiri og hvergi tekur eins langan tíma að byggja upp aftur eins og í iðnaðinum.

## Traustar og nýjar upplýsingar

Þróuð og skilvirk hagstjórn í síbreytilegum heimi byggist á traustum og nýjum upplýsingum. Á Íslandi safna opinberir aðilar ógrynni upplýsinga sem má hagnýta í efnahagsstjórn.

Upplýsingum um launagreiðslur, starfsmannafjölda, veltu og afkomu fyrirtækja er safnað saman hjá skattinum og halda mætti að hér væri grunnur lagður að öflugri og nútímalegri hagskýrslugerð. En á þessu sviði erum við því miður langt á eftir þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við. Þetta ástand er ekki einasta bagalegt heldur beinlínis hættulegt. Fyrir utan upplýsingar frá örfáum fyrirtækjum, sem skráð eru á hlutabréfamarkaði, eru nýjustu opinberar tölur um afkomu fyrirtækja í iðnaði frá árinu 1997. Það er ekki vænlegt að draga miklar ályktanir af þeim varðandi efnahagsstjórnina á næstu misserum. Blindflug í efnahagsmálum er hið mesta hættuspil.

## Umbætur í skattamálum

Undanfarin ár hafa verið stigin stór skref í þá átt að laga íslenska skattkerfið að því sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum í tillögugerð okkar og umsögnum um skattamál reynt að hafa þrennt að leiðarljósi. Í fyrsta lagi að breytingar séu í samræmi við alþjóðlega þróun. Í öðru lagi að skattheimta sé innan velsæmismarkna þannig að skattsvik og undanskot raski ekki samkeppnisstöðu milli fyrirtækja og um leið tekjuöflun ríkissjóðs. Í þriðja lagi að skattheimtan sé skilvirk þannig að ekki skapist óvissa og óþarfa vinna fyrir þá sem greiða eiga eða innheimta skattana.

Margt hefur áunnist í þessum eignum á liðnum árum en mörgum finnst að mjög hafi hægt á því umbótastarfi í góðari liðinna ára. Við þurfum að losna við skatta á borð við stimpilgjöld, eignarskatta og vörugjöld sem ýmist hafa verið afnumdir eða lækkaðir stórlega í nágrannalöndum okkar. Síðan þarf að leita markvissra lausna á skattalegum vandamálum sem vefjast fyrir okkur ár eftir ár bæði til skammar og skaða. Ég nefni hér virðisauka af vinnu hugbúnaðarfyrirtækja sem skattfrjálsir opinberir aðilar, lánastofnanir og tryggingafélög koma sér undan að greiða með því að byggja upp eigin deildir á þessu sviði. Þarna glatast stór markaður fyrir upplýsingatæknifyrirtækin okkar. Vandamálið hefur legið óleyst á borðinu árum saman en engin lausn er í sjónmáli.

Ég get ekki skilist svo við þennan málaflokk að nefna ekki nýjar reglur um kaupréttarsamninga sem breytt var mjög til hins verra í haust. Í stað þess að hækka heimildir og ýta þannig undir gerð slíkra samninga sem mikill áhugi var á í iðnaðinum, ekki síst í hugbúnaðar- og

tæknifyrirtækjunum, var dregið í land og gerð krafa um að kauprétturinn væri nýttur jafnóðum. Þessar nýju reglur voru þannig hálf eyðilagðar og hvorki skattyfirvöld né efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sýndu minnsta áhuga á að hlusta á rök talsmanna atvinnulífsins í þessu máli.

## **Betur sjá augu en auga**

Samtök iðnaðarins tóku þátt í störfum nefndar, sem fjármálaráðherra skipaði, um opinber innkaup og skilaði hún álit og tillögum sl. vor. Ráðuneytið hefur unnið að útfærslu á tillögum nefndarinnar og hefur m.a. unnið að gerð lagfrumvarps sem fjármálaráðherra mun væntanlega leggja fram á vorþingi. Við erum ánægð með að hafa fengið að taka þátt í þeirri vinnu. Sumir virðast telja að samráð við hagsmunaaðila sé annaðhvort óþarft eða jafnvel ósiðlegt. Það er fjarri öllu lagi. Þvert á móti verða oftast en ekki óhöpp í lagasetningu þegar embættismenn og starfsmenn ráðuneyta semja lagafrumvörp án nokkurs samráðs við þá sem eftir lögnum eiga að fara. Síðan eru þessi frumvörp afgreidd með hraði á Alþingi þar sem meðferð mála minnir stundum frekar á flauturslegan prófarkalestur en vandaða lagasetningu.

Samtök iðnaðarins hafa um alllangt skeið þrýst á um breytingar á fyrirkomulagi opinberra innkaupa. Mér er þó nær að halda að oftast sé framkvæmdin gölluð en reglurnar sjálfar. Það er hins vegar svo að misbrestir í framkvæmd opinberra innkaupa kalla á fleiri og stífari reglur, sem á stundum ættu að vera óþarfar ef heilbrigðri skynsemi og sanngirni væri beitt.

## **Léleg vinnubrögð**

Við viljum líka að reglur um opinber útboð nái til sveitarfélaga enda sýnir reynslan að á því er full þörf. Samið er út og suður um stór verkefni án útboðs. Það gleymist að bjóða út innkaup á heilum hafnsögubát, stórt gatnagerðarverkefni er ekki hægt að bjóða út af því að 17. júní kemur fyrir en búist var við. Nýtt dæmi er um lokað útboð í gatnagerð hér í grennd þar sem lægstbjóðendur í sams konar verk voru útilokaðir en valinn til þátttöku hópur fyrirtækja sem átti það eitt sameiginlegt að vera á heljarþróminni fjárhagslega. Þessi dæmi og mörg fleiri sýna að það er full þörf á að herða á reglum um opinber innkaup gagnvart sveitarfélögum. Þessi dæmi skýra líka vel hvers vegna við viljum frekar almennar reglur í þessum efnum en pólitískar ákvarðanir.

Ég kemst ekki hjá því að segja nokkur orð um útboð á viðgerð á tveim varðskipum. Við eigum mjög erfitt með að skilja hvaða tilgangi það þjónar að gefa sér forsendur á borð þær að sigling skipanna hefjist við miðlínu milli Íslands og Færeyja en ekki í heimahöfn og að þeim sé siglt á hálfum hraða til að spara olíu. Allt er þetta gert til þess að reikna verkefnin úr landi. Og viti menn: Það tókst með svona kúntum að reikna það út að ódýrast væri að fara með skipin til viðgerðar í Póllandi þótt eðlilegar forsendur hefðu leitt til annarrar niðurstöðu. Samtök iðnaðarins hafa ásamt Félagi járníðnaðarmanna beðið dómsmálaráðuneytið um hlutlausa rannsókn á þessu máli en því miður verður ekki orðið við þeirri beiðni. Eftir stendur sú skoðun okkar að þeim opinberu starfsmönnum, sem þarna voru að verki, ætti að víkja úr starfi og það án tafar. Við vitum ekki hvaða hagsmunum þeir þjóna en það eru ekki hagsmunir þeirra sem greiða þeim laun en það eru íslenskir skattgreiðendur. Í iðnaðinum er þeim mönnum sagt upp

sem vinna gegn hagsmunum fyrirtækjanna sem greiða þeim laun.

## **Tæknimenntun með rekstrarívafi skortir**

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin þrjú ár lagt æ meiri áherslu á uppbyggingu tæknináms hér á landi, sérstaklega í tæknifræði og verkfræði. Fyrirtæki Samtaka iðnaðarins eru í mikill þörf fyrir fólk með slíka menntun en á sama tíma og þörfin er brýn og vaxandi hefur á ýmsan hátt hallað á tæknimenntunina. Samtök iðnaðarins sóttust, ásamt öðrum félögum og skólum, eftir því að stofna tækniháskóla á grunni Tækniskóla Íslands. Þrátt fyrir ýtarlegar viðræður við menntamálaráðuneytið og mikla undirbúningsvinnu af hálfu Samtakanna gengu þessir samningar ekki upp og var viðræðum því slitið án árangurs.

Áhugi Samtaka iðnaðarins beinist ekki að því að reka skóla heldur að því að taka þátt í að efla tæknimenntun. Fjölga þarf þeim sem útskrifast og styrkja þessa undirstöðu iðnþróunar í landinu. Það er vissulega þversögn í því fólgin að ungt fólk skuli ekki flykkjast í tæknigreinar því að tæknimenntaðra bíða spennandi og skapandi störf sem oftar en ekki eru mjög vel launuð. Það er skoðun okkar, byggð á viðtölum við fjölda forráðamanna iðnfyrirtækja, að efla þurfi tæknimenntum með rekstrarívafi sem við getum sagt að sé á milli hefðbundinnar iðnmenntunar og verkfræði. Þarna stöndum við illa og veruleg hættu er á að þetta nám leggist af hér á landi ef ekki verður gert sérstakt átak á þessu sviði. Það vildum við reyna en sú tilraun strandaði á því að fámennar tæknibrautir eru ekki rekstrarhæfar einingar miðað við það kerfi sem byggist á föstum greiðslum á nemanda eftir reglu ráðuneytisins. Sú regla mun hins vegar ekki leiða til mikillar nýsköpunar í íslensku menntakerfi. Annar galli á henni er sá að hún tekur ekkert tillit til þarfa atvinnulífsins. Það er ekki nútímalegt framhaldsskólakerfi sem hirðir ekki um hvaða fólk vantar í fyrirtækin okkar.

## **Samkeppnin er forsenda velferðar**

Virk samkeppni er undirstaða heilbrigðs atvinnulífs sem aftur er undirstaða velferðar okkar allra. Það er vel að ríkið er smátt og smátt að draga sig út úr atvinnurekstri með því að einkavæða og selja atvinnufyrirtæki í sinni eigu. Alþjóðavæðingin vex stöðugt og þar með minnkar sérstaða og einangrun atvinnulífs okkar gagnvart öðrum löndum. Allt leiðir þetta til þess að samkeppnin vex og harðnar. Fyrirtækin leita því allra leiða til þess að halda stöðu sinni á markaði og auka samkeppnishæfni sína. Mikilvægi samkeppnisreglna og eftirlits samkeppnisyfirvalda hefur því aldrei verið meira en einmitt nú. Það er brýnt að halda þannig á málum að allt sé tryggt í senn; heilbrigð samkeppni, hagur neytenda og eðlileg þróun og geta atvinnulífsins til þess að standast erlendri samkeppni snúning.

Ekki eru nema átta ár síðan fyrstu lögin, sem rísa undir nafni sem samkeppnislög, voru sett og var það fyrir áhrif EES-samningsins. Óhætt er að fullyrða að þau lög hafi verið mjög til bóta og haft margvísleg jákvæð áhrif þótt þau séu sannarlega ekki gallalaus. Samtök iðnaðarins hafa haldið því fram frá því að lögin voru í smíðum að á þeim væru alvarlegir gallar sem lúta að stjórnsýslu, heimildum til þess að takast á við markaðsráðandi fyrirtæki og reglum um bann við samruna.

Lögin voru endurskoðuð á síðasta ári og gerðar á þeim margar breytingar til bóta og er þar langmikilvægast að nú er misnotkun markaðsráðandi stöðu bönnuð og samkeppnisyfirvöldum fengin úrræði til þess að takast á við fyrirtæki sem misnota slíka stöðu. Mun verr tókst hins vegar til við endurskoðun á samrunaákvæðisins og ekkert var hlustað á raddir allra helstu samtaka í atvinnulífi um stjórnslupáttinn.

Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt harkalega tilhneigingu samkeppnisyfirvalda til þess tryggja samkeppni með því að stjórna uppbyggingu atvinnulífsins í stað þess beita sér af hörku gegn þeim sem brjóta samkeppnisreglur og misnota markaðsráðandi stöðu.

## **Bannað að stækka**

Bann við samruna er inngríp í löglega samninga fyrirtækja og til þess á alls ekki að grípa nema augljóst sé að samruninn valdi slíkri röskun í samfélaginu að ekki verði við unað eða ráðið með öðrum hætti. Það er fjarri öllu lagi að slíkt ástand hafi blasað við þegar eitt bakarí keypti annað eða prentsmiðja vildi kaupa aðra. Samkeppnisráð taldi hins vegar slíka vá fyrir dyrum og lýsti fjálglega því ófremdarástandi sem samruni á þessum tveimur sviðum myndi valda. Reynslan hefur hins vegar sýnt að ekki stendur steinn yfir steini í þeim málalíbúnaði.

Sem betur fer tók áfrýjunarnefnd samkeppnismála fram fyrir hendur Samkeppnisráðs í báðum þessum málum. Þrátt fyrir það virðist enginn bilbugur á starfsmönnum Samkeppnistofnunar að höggva í sama knérunn. Íslensk iðnfyrirtæki geta ekki búið við að vera dæmd til þess að vera smá og svipt möguleikanum til að njóta nauðsynlegrar stærðarhagkvæmni. Þess vegna verður að breyta samkeppnislögunum og fella niður heimild til þess að banna samruna en hækka að öðrum kosti verulega þá þröskulda sem settir eru fyrir afskiptum samkeppnisyfirvalda.

## **Hættum að bíða og sjá**

Á síðustu þremur áratugum hafa orðið miklar breytingar í íslensku atvinnulífi. Þróun þess hefur verið hröð og á allra síðustu árum hefur fjölbreytni þess vaxið ótrúlega mikið og má til marks um það benda á breytt hlutföll atvinnugreina í þjórðarbúskapnum, t.d. minnkandi hlut landbúnaðar og sjávarútvegs á sama tíma og þjórónusta, verslun og iðnaður vaxa hröðum skrefum. Þessi breytta mynd á rætur að rekja til alþjóðlegrar þróunar og þess að við höfum borið gæfu til þess að taka þátt í evrópsku viðskiptasamstarfi með aðild okkar að EFTA og EES-samningnum. Breytt samsetning íslensks atvinnulífs krefst þess að þeim greinum sem vaxa hraðast og nýjum vaxtarbroddum verði sköpuð viðunandi rekstrarskilyrði á alþjóðlegan mælikvarða. Það má því ekki láta staðar numið við að tengja Ísland traustari og nánari böndum við þróunina í Evrópu.

EES-samningurinn var góður samningur þegar hann var gerður en því miður hefur hann ekki elst eins vel og vonir stóðu til. Til þess eru margar ástæður og má þar einkum nefna að EFTA ríkjunum, sem eiga aðild að honum, hefur fækkað og stækkunarferli ESB er bæði víðtækara og gengur hraðar en nokkurn óraði fyrir. Jafnvægið hefur raskast og samningurinn þróast ekki í takt við það sem gerist innan ESB. Allt veldur þetta því að það er óviðunandi fyrir íslenskan

iðnað og atvinnulífið almennt að standa utan ESB og er heldur varla boðlegt fyrir Íslendinga sem sjálfstæða þjóð að búa við EES-samninginn eins og málin hafa þróast á undanförunum misserum. Enn er þó ótalin ein veigamesta ástæðan fyrir því að við gerumst aðilar að ESB. Hún er sú að íslenska krónan er orðin okkur of dýrkeypt. Hún skapar vandamál í hagstjórn, vaxtabyrði og gengissveiflur sem bitna á fyrirtækjunum og gera rekstrarskilyrði þeirra óbærileg. Krónan kemur í veg fyrir eðlilegar fjárfestingar innlendra og erlendra fyrirtækja á Íslandi. Hún er orðin okkur sem myllusteinn um háls. Við þurfum að kasta krónunni og taka upp evru. Til þess þurfum við aðild að ESB. Það er eina leiðin til þess að tryggja stöðugt gengi gagnvart helstu viðskiptalöndum okkar, ná niður vöxtum og tryggja fjárfestingar í atvinnurekstri á Íslandi.

## Látum til skarar skríða

Samtök iðnaðarins voru ötulir talsmenn þess að taka þátt í EFTA og EES þó að þeim dyldist ekki að það myndi leiða til mikilla breytinga í iðnaðinum þegar hann þyrfti að taka þátt í óheftri samkeppni við erlenda keppninauta. Um þessa afstöðu ríkir fullkomin sátt í röðum iðnaðarins og ekki hvarflar að neinum að snúa til fyrra horfs í þessum efnun. Þvert á móti. Nýleg könnun, sem Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins, sýnir að meirihluti iðnfyrirtækja, eins og raunar alls almennings, vill halda áfram á þessari braut. Samtök iðnaðarins hafa fast land undir fótum meðal félagsmanna sinna þegar þau hvetja til þess að Ísland sækir um aðild að ESB.

Í þessum efnun dugar ekki lengur að bíða og sjá. Það á að taka ákvörðun um að sækja um aðild að ESB án tafar og hefjast handa við að undirbúa samningaviðræður og búa okkur undir aðildina og þær breytingar sem hún hefur í för með sér.

## Mikið er í húfi

Ágætu Iðnþingsgestir!

Ég hef aðeins getið fáeinna sviða sem Samtök iðnaðarins hafa beitt sér á að undanförunu.

Freistandi hefði verið að ræða vöxt og viðgang einstakra greina iðnaðarins en það verður að bíða betri tíma.

Á 21. öldinni stöndum við eða föllum með því hvernig til tekst að laga starfsskilyrði atvinnulífsins að alþjóðlegri þróun. Samtök iðnaðarins munu hér eftir sem hingað til hafa það meginmarkmið að stuðla að því að íslensk fyrirtæki verði samkeppnisfær um fólk, framleiðslu og fjármagn.

Hér er allt í húfi, því að á þessu veltur framtíð okkar í landinu.